

LANDSLÖG

Sveitarfélagið Hornafjörður
B.t. Björns Inga Jónssonar, bæjarstjóra
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík, 9. febrúar 2017

Sent með ábyrgðarpósti

Efni: Krafa Ice Lagoon ehf. um viðurkenningu á bótaskyldu vegna ólögmætra aðgerða sveitarfélagsins Hornafjarðar

Til skrifstofu okkar hefur leitað **Ice lagoon ehf.**, kt., 440511-0660, Uppsölum 1, 781 Höfn í Hornafirði, og falið okkur að rita sveitarfélaginu Hornafirði (hér eftir nefnt „sveitarfélagið“) bréf þetta.

Umbjóðandi minn hefur frá árinu 2011 stundað atvinnurekstur við Jökulsárlón á Breiðamerkursandi sem felst í siglingu með ferðamenn á svonefndum Zodiac slöngubátum. Upphaflega stóð til að umbjóðandi minn hæfi atvinnurekstur á vormánuðum 2010 og sótti umbjóðandi minn í maí það ár um stöðuleyfi hjá sveitarfélaginu fyrir tækjabúnað, sem fyrirtækið hugðist nota við atvinnureksturinn, í landinu Felli við austurbakka Jökulsárlóns. Bæjarráð sveitarfélagsins samþykkti umsókn umbjóðanda míns, þó með þeim fyrirvara um að samþykki allra landeigenda Fells, sem var í sameign 32 aðila, lægi fyrir. Allar götur síðan - frá því að umbjóðandi minn hóf atvinnurekstur sinn árið 2011 - hefur sveitarfélagið viðhaft hinar ýmsu aðgerðir gagnvart umbjóðanda mínum, sem sveitarfélagið hefur m.a. réttlætt með vísan til framangreindrar afstöðu sinnar um nauðsyn samþykki allra landeigenda.

Með dómi Hæstaréttar 17. nóvember 2016 í máli nr. 44/2016 var að mati umbjóðanda míns endanlega skorið úr um það að áðurnefnt skilyrði sveitarfélagsins reyndist ekki á rökum reist. Að mati umbjóðanda míns tekur þessi dómur af skarið um það að hinar fjölmörgu aðgerðir sveitarfélagsins gagnvart umbjóðanda mínum voru ólögmætar. Telur umbjóðandi minn ljóst að túlkun sveitarfélagsins á grein 2.6.1 í byggingarreglugerð nr. 212/2012, á þá leið að samþykki allra eigenda lands í sameign þurfi til að veita stöðuleyfi, standist ekki lög, heldur gildi í tilviki sem þessu almennar reglur eignaréttar er kveða á um að samþykki meirihluta eigenda dugir. Þá er einnig til þess að líta að keppinautur umbjóðanda míns hafði nær alla sömu

lausafjármuni og umbjóðandi minn á svæðinu án samþykkis annarra landeigenda og án afskipta sveitarfélagsins. Öllu þessu er nánar lýst í bréfi umbjóðanda míns til sveitarfélagsins, dags. 1. ágúst 2014.

Vegna hinna fjölmörgu ólögmetu úrlausna sveitarfélagsins á grundvelli skilyrðisins um samþykki allra landeigenda viðhafði umbjóðandi minn, í þeirri viðleitni að takmarka tjón sitt, starfsemi sína í þjóðlendunni á vesturbakka Jökulsárlóns árin 2011-2013. Hefur umbjóðandi minn líka mætt ólögmetum aðgerðum af hálfu sveitarfélagsins vegna starfsemi sinnar þar og eru þær aðgerðir nú til athugunar hjá Samkeppniseftirlitinu. Þessar ólögmetu aðgerðir sveitarfélagsins, sem hafa staðið samfellt yfir í rúmlega sex ár, hafa valdið umbjóðanda mínum umfangsmiklu tjóni og er tilgangur þessa bréfs að krefja sveitarfélagið um að það viðurkenni bótaskyldu vegna tjóns umbjóðanda míns og gangi til viðræðna við umbjóðanda minn um uppgjör bóta vegna þess.

Verða nú þessar ólögmetu aðgerðir sveitarfélagsins raktar nánar og rök færð fyrir því að þær hafi valdið umbjóðanda mínum tjóni.

Tjón vegna missis hagnaðar árið 2010

Með bréfi, dags. 11. maí 2010, staðfesti stjórn Sameigendafélags Fells við umbjóðanda minn að henni hefði verið veitt heimild til að ganga við samninga við hann um leyfi fyrir aðstöðu til bátasiglinga við Jökulsárlón. Hinn 17. maí 2010 sótti umbjóðandi minn um stöðuleyfi hjá sveitarfélaginu fyrir hjólhýsi og annan tækjabúnað, sem fyrirtækið hugðist nota við atvinnureksturinn. Bæjarráð samþykkti á fundi hinn 20. maí 2010 umsókn umbjóðanda míns um stöðuleyfi með fyrirvara um endanlega staðsetningu á hjólhýsi og samþykki allra landeigenda á svæðinu. Í samræmi við þetta skilyrði sveitarfélagsins sendi Sameigendafélag Fells bréf dags. 25. maí 2010 til Einars Björns, sem var, bæði persónulega og í gegnum félag sitt Reynivelli ehf., eini landeigandinn utan félagsins. Í bréfinu var óskað eftir samþykki hans við því að umbjóðanda mínum yrði veitt stöðuleyfi við Jökulsárlón. Eins og ráða má af bréfinu gerði sameigendafélagið þetta eingöngu vegna áður nefnds skilyrðis sveitarfélagsins. Ekki fékkst það samþykki, enda hefur téður Einar Björn haft horn í síðu umbjóðanda míns vegna atvinnureksts hans.

Í framhaldinu fór umbjóðandi minn þess á leit við sveitarfélagið með bréfi, dags. 10. júní 2010, að hann fengi aðstöðu undir starfsemi sína á þjóðlendu á vesturbakka Jökulsárlóns. Á bæjarráðsfundi hinn 21. júní 2010 hafnaði sveitarfélagið beiðni umbjóðanda míns á þeim forsendum að deiliskipulag væri í vinnslu á austurbakka lónsins.

Þetta leiddi til þess að ekkert varð af fyrirhuguðum atvinnurekstri umbjóðanda míns við Jökulsárlón árið 2010. Umbjóðandi minn telur ljóst, eftir að dómur Hæstaréttar í máli 44/2016 liggur fyrir, að ákvörðun sveitarfélagsins um að setja skilyrði um samþykki allra landeigenda fyrir samþykkt umsókn umbjóðanda míns hafi verið ólögmat. Þá telur umbjóðandi minn einnig ljóst að ákvörðun sveitarfélagsins um að sýnja honum um leyfi til að nýta þjóðlenduna á vesturbakka Jökulsárlóns hafi verið byggð á ómálefnalegum sjónarmiðum og að hún hafi einnig verið ólögmat. Þessar athafnir sveitarfélagsins urðu þess valdandi að umbjóðandi minn varð fyrir tjóni vegna missis hagnaðar sem hann hefði haft af atvinnustarfsemi sinni árið 2010. Í þessu sambandi er tekið fram að jafnan er hægt að stunda siglingar með ferðamenn á Jökulsárlóni frá byrjun maímánaðar fram í lok októbermánaðar.

Tjón vegna missis hagnaðar árið 2013

Með tölvupóstum 18. apríl 2011 sendi umbjóðandi minn fyrirspurnir til byggingarfulltrúa sveitarfélagsins um það hvernig leyfismálum væri háttað í þjóðlendum innan sveitarfélagsins. Nánar tiltekið óskaði umbjóðandi minn eftir því að byggingarfulltrúi myndi benda honum á það hver það væri, innan stjórnsýslu Hornafjarðar, sem gæti svarað honum um hvaða leyfi þeir aðilar hefðu, sem hefðu tekjur sínar af skipulagðri starfsemi í ferðaþjónustu innan þjóðlendna í sveitarfélaginu. Vildi umbjóðandi minn fá að vita hvort þessir aðilar væru með sérstök leyfi frá sveitarfélaginu eða ríki vegna rekstrar í þjóðlendu og nýtingu á þeim. Var tilgangur þessara fyrirspurna umbjóðanda míns augljóslega sá að hann ætlaði að óska eftir sams konar leyfi.

Í svari byggingarfulltrúa sveitarfélagsins 18. apríl 2011 sagði að varðandi sveitarfélagið þá ætti sveitarfélagið að hafa það einhvers staðar í sínu bókhaldi hafi það gefið út áðurnefnd leyfi, eða sé að innheimta gjöld af slíku. Sagðist byggingarfulltrúinn ætla að grennslast fyrir um það daginn eftir. Síðan segir orðrétt í bréfi byggingarfulltrúa: „Vona að þessar upplýsingar séu ekki að hefja þig frá því að fara í þann rekstur sem þú ert að velta fyrir þér.“ Daginn eftir sendi byggingarfulltrúinn annan tölvupóst. Þar sagði byggingarfulltrúi að eftir fyrirgrennslan um útgáfu á leyfum til að nýta þjóðlendu væri hann einskis vísari um málið og að enginn kannaðist við að leyfi hefðu verið veitt eða gjald tekið fyrir slík leyfi. Því næst vísaði byggingarfulltrúi til 3. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendum og ákvörðun markar eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Síðan sagði byggingarfulltrúi orðrétt: „Vona að þetta verði þér að gagni, er að vinna í hvernig við eigum að gefa út slík leyfi og hvernig gjaldtöku verður háttað.“

Hóf umbjóðandi minn starfsemi sína af vesturbakka Jökulsárlóns sumarið 2011.

Hinn 20. apríl 2012 var undirritaður samningur milli Sameigendafélags Fells og umbjóðanda míns um leyfi hans til siglinga með ferðamenn á Jökulsárlóni og heimild hans til að vera með færanlegt hjólhýsi á jörðinni Fell við Lónið auk yfirbyggðrar kerru fyrir flotgalla og annan búnað. Um er að ræða samning þann sem til umfjöllunar var í áður nefndum dómi Hæstaréttar í máli nr. 44/2016.

Samningurinn mætti mikilli andstöðu frá Einari Birni þegar honum var kynntur samningurinn með bréfi sameigendafélagsins 9. maí 2012. Hótaði Einar Björn m.a. lögbannskröfu og málaferlum. Í ljósi afstöðu Einars Björns ákvað umbjóðandi minn að halda atvinnurekstri sínum frekar áfram á vesturbakkanum það sem eftir lifði sumrinu 2012.

Þar sem umbjóðanda mínum þótti óþægilegt að reka starfsemi sína í þeirri óvissu sem ríkti sótti hann með bréfi 5. apríl 2013 formlega um leyfi sveitarfélagsins til að nýta land innan þjóðlendu á vesturbakkanum auk stöðuleyfis. Var í bréfinu minnst á að tilraunir umbjóðanda míns til að fá aðstöðu undir starfsemi sína austurbakka Jökulsárlóns hefði sætt andstöðu af hálfu Einars Björns.

Sveitarfélagið hafnaði erindi umbjóðanda míns með bréfi, dags. 30. maí 2013, með þeim rökum að ekki væri gert ráð fyrir atvinnustarfsemi á svæðinu í aðalskipulagi og deiluskipulagi sem væri kynningu. Kom þetta umbjóðanda mínum í opna skjöldu því sjónarmiðum hans í bréfinu frá 14. október 2011 hafði aldrei sætt andstöðu frá sveitarfélaginu og sveitarfélagið ekki gert athugasemd við starfsemi umbjóðanda míns í þjóðlendunni árið 2012. Þá veltir umbjóðandi minn því fyrir sér hvað hafi komið í veg fyrir að þessum sjónarmiðum væri teft fram strax á árinu 2010 þegar umbjóðandi minn sótti um sambærilegt leyfi. Að lokum vísar umbjóðandi minn til þess að fjölmörg ferðaþjónustufyrirtæki hafa fengið að starfa óáreitt í þjóðlendunni um árabil. Í tölvupósti bæjarstjóra Hornafjarðar til umbjóðanda míns 8. desember 2015 lýsti hann því yfir að sveitarfélagið hefði aldrei gefið út leyfi til fyrirtækja fyrir afþreyingu í sveitarfélaginu. Fyrirtækin sem nú væru starfandi á svæðinu þyrftu ekki leyfi þar sem að um enga „aðstöðusköpun“ hjá fyrirtækjunum væri að ræða. Fyrirsvarsaður umbjóðanda míns óskaði í framhaldinu eftir því við bæjarstjórnann að hann myndi útskýra hvað sveitarfélagið ætti við með „aðstöðusköpun“. Engin svör bárust þrátt fyrir ítrekun á fyrirsögninni. Umbjóðandi minn telur að hið óljósa skilyrði sveitarfélagsins um „aðstöðusköpun“ og þá mismundi meðferð sem aðilar fá eftir því hvort sveitarfélagið telji, eða yfir höfuð kynnir sér hvort, að um „aðstöðusköpun“ sé að ræða fái ekki staðist jafnræðisreglu stjórnásluréttar.

Í ljósi þess að umbjóðandi minn taldi þessa ákvörðun ólögmeeta og í þeirri viðleitni til að takmarka tjón sitt reyndi umbjóðandi minn eftir fremsta megni að reka áfram atvinnustarfsemi sína á vesturbakkanum.

Með bréfi, dags. 27. júní 2013, tilkynnti sveitarfélagið umbjóðanda mínum að það myndi grípa til viðhlítandi úrræða vegna starfsemi umbjóðanda míns í Þjóðlendunni á vesturbakka Jökulsárlóns. Á sama tíma veitti sveitarfélagið hins vegar öðru félagi leyfi til að nýta Þjóðlendu við Fjallsárlón og stunda þar nákvæmlega sömu starfsemi og umbjóðandi minn. Telur umbjóðandi minn að rök sveitarfélagsins, fyrir því að leyfa þessa starfsemi við Fjallsárlón, en banna starfsemi umbjóðanda míns við Jökulsárlón, standist enga skoðun og hafi verið ólögmeæt í sjálfu sér, eins og nánar er rakið í bréfi umbjóðanda míns til sveitarfélagsins frá 15. júlí 2013.

Með bréfi dags. 13. ágúst 2013 hafnaði sveitarfélagið öllum sjónarmiðum umbjóðanda míns og var honum veittur lokafrestur til 31. ágúst 2013 til þess að hætta starfsemi sinni í Þjóðlendunni og fjarlægja lausafjármuni af svæðinu. Umbjóðandi minn sá sér ekki annað stætt en að verða við þessari kröfu sveitarfélagsins, sbr. bréf þess efnis dags. 4. september 2013. Ítrekaði umbjóðandi minn þó að hann væri með því ekki að viðurkenna réttmæti ákvörðunar sveitarfélagsins. Frá þessum mánaðamótum tók við algjör rekstrarstöðvun hjá umbjóðanda mínum með tilheyrandi tjóni. Þurfti umbjóðandi minn að segja öllum 8 starfsmönnum sínum upp og aflýsa öllum ferðum sem bókaðar höfðu verið hjá umbjóðanda mínum út október.

Þessar athafnir sveitarfélagsins urðu þess valdandi að umbjóðandi minn varð fyrir tjóni vegna missis hagnaðar sem hann hefði haft af atvinnustarfsemi sinni hefði hann fengið að stunda hana óareittur til loka októbermánaðar 2013.

Tjón vegna missis hagnaðar á árinu 2014 og annað tjón á þeim tíma vegna aðgerða sveitarfélagsins

Vegna aðgerða sveitarfélagsins árið 2013 gat umbjóðandi minn hvorki markaðssett starfsemi sína fyrir árið 2014 né staðfest neinar fyrirfram bókaðar ferðir ferðaþjónustufyrirtækja sem verið höfðu í föstum viðskiptum við umbjóðanda minn. Varð umbjóðandi minn þannig af miklum viðskiptum, en viðskiptavinir umbjóðanda míns hófu í staðinn að bóka sams konar ferðir hjá öðrum aðilum af augljósum ástæðum. Umbjóðandi minn telur ljóst að framangreint hafi leitt til samdráttar í sölu á árinu 2014.

Í ljósi athafna sveitarfélagsins sumarið 2013 sá umbjóðandi minn fram á þann eina möguleika að hefja rekstur á austurbakka Jökulsárlóns í samræmi við leigusamning sinn við Sameigendafélag Fells. Hinn 10. janúar 2014 sendi umbjóðandi minn sveitarfélaginu umsókn um stöðuleyfi á austurbakka Jökulsárlóns í landi Fells, teldi

sveitarfélagið að slíkt leyfi þyrfti. Yfirmaður umhverfis- og skipulagsnefndar sveitarfélagsins svaraði með tölvubréfi 24. febrúar 2014 þar sem sagði að umhverfis- og skipulagsnefnd væri jákvæð fyrir erindinu en óskað væri eftir frekari gögnum auk þess sem bent var á að samþykki allra landeigenda þyrfti að liggja fyrir.

Eins og von var og vísa var slíkt samþykki ekki að fá frá Einari Birni, sem jafnframt hafði lýst því yfir að hann myndi aldrei veita slíkt samþykki. Um þetta var sveitarfélaginu fullkunnugt.

Í ljósi þessa sótti umbjóðandi minn á ný um leyfi til að nýta þjóðlenduna á vesturbakkanum með bréfi dags. 25. apríl 2014. Þessi umsókn umbjóðanda míns barst á einhvern hátt til eyrna keppinautar hans sem sendi sveitarfélaginu bréf dags. 7. maí 2014 þar sem því var mótmælt að umbjóðandi minn fengi aðstöðu í þjóðlendunni á vesturbakka Jökulsárlóns.

Svo fór að sveitarfélagið hafnaði umsókn umbjóðanda míns með bréfi dags. 19. maí 2014 með eftirfarandi rökstuðningi: „Í samræmi við fyrri afstöðu bæjarstjórnar gagnvart atvinnustarfsemi á vesturbakka Jökulsárlóns og þess að ekki er leyfilegt að gefa starfsleyfi í þjóðlendu án undangenginnar auglýsingar þá leggur bæjarstjórn til að umsókninni verði hafnað.“ Í samræmi við það sem áður hefur verið rakið telur umbjóðandi minn þessa synjun hafa verið ólögsmæta.

Í ljósi þessarar afstöðu sveitarfélagsins hóf umbjóðandi minn starfsemi á austurbakka lónsins 11. júní 2014 í samræmi við gildandi leigusamning sinn við Sameigendafélag Fells. Hinn 11. júlí 2014 sendi lögmaður Einars Björns Einarssonar, keppinautar umbjóðanda míns, tölvupóst á yfirmann umhverfis- og skipulagsmála Hornafjarðar. Þar sagði að nýverið hefði Ingvar Geirsson – fyrirsvarsmaður umbjóðanda míns – hafið rekstur á jörðinni Fell við Jökulsárlón í „algeru óleyfi og óþökk umbjóðanda míns“. Sagði að samþykki Einars Björns þyrfti fyrir þeim rekstri sem Ingvar stundaði. Hann hefði komið fyrir „söluskála á hjólum“ og lagt rútu á svæði sem ekki væri skipulagt sem bifreiðastæði. Ótvírætt væri að stöðuleyfi þyrfti vegna þessara hluta sem ekki hefði verið veitt. Það væri enda ljóst að forsendur slíks stöðuleyfis lægju ekki fyrir og myndu ekki liggja fyrir þar sem Einar Björn myndi ekki veita samþykki fyrir því. Þess væri krafist að skipulagsyfirvöld sveitarfélagsins myndu láta málið til sín taka og hlutuðust strax til um að látið yrði af „þessari lögláusu starfsemi á svæðinu, eftir atvikum með atbeina lögreglu“.

Sveitarfélagið sendi umbjóðanda mínum bréf 22. júlí 2014 þar sem fram kom að starfsemi hans á austurbakka Jökulsárlóns væri í óleyfi og án heimildar. Sveitarfélagið krafðist þess að umbjóðandi minn myndi hætta starfsemi við austurbakka Jökulsárlóns nú þegar og fjarlægði lausafjármuni sem stæðu í óleyfi.

Áður en andmælafrestur umbjóðanda míns rann út tjáði bærarstjóri sveitarfélagsins sig í fjölmíðlum þar sem hann sagði að starfsemi umbjóðanda míns væri í óleyfi. Vegna þessara tilhæfulausu ummæla bærarstjórans, sem nú hefur verið staðfest með dómi Hæstaréttar að voru röng, varð umbjóðandi minn fyrir gríðarlegu tjóni. Umbjóðandi minn var með samninga við ferðaþjónustufyrirtæki sem að sjálfsögðu fóru að bera þessi ummæli bærarstjóra undir umbjóðanda minn. Vegna þessara ársása sveitarfélagsins hefur orðspor umbjóðanda míns beðið hnekki algjörlega að ófyrirsynju.

Umbjóðandi minn sendi ítarlegt svar til sveitarfélagsins 1. ágúst 2014, þar sem sjónarmiðum umbjóðanda míns vegna aðgerða sveitarfélagsins sumarið 2014 er nánar lýst. Vísar umbjóðandi minn nánar til þess bréfs varðandi ólögmati aðgerða sveitarfélagsins.

Umbjóðandi minn tók í kjölfarið ákvörðun um að kæra ákvörðun sveitarfélagsins til úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamál þar sem umbjóðandi minn krafðist m.a. frestun réttaráhrifa á ákvörðun sveitarfélagsins. Af þessu tilefni sendi umbjóðandi minn 20. ágúst 2014 bréf til sveitarfélagsins þar sem óskað var eftir frestun réttaráhrifa á meðan ákvörðun þess væri til endurskoðunar hjá æðra stjórnvaldi. Sveitarfélagið svaraði með bréfi 26. ágúst 2014 þar sem beiðni um frestun réttaráhrifa var hafnað. Þá sagði í bréfi sveitarfélagsins að það myndi leggja á kr. 250.000 dagsektir ef umbjóðandi minn mundi ekki fjarlægja lausafjármuni fyrir 1. september 2014. Svo fór að umbjóðandi minn varð frá að vika 13. september 2014 áður en úrskurður æðra stjórnvaldsins lá fyrir. Þegar sá úrskurður loks kom var það niðurstaða æðra stjórnvaldsins að ákvarðanir sveitarfélagsins hefðu ekki verið teknar af bærum aðila og þar af leiðandi ólögmatar, sbr. úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála 17. desember 2014.

Þessar athafnir sveitarfélagsins urðu þess valdandi að umbjóðandi minn varð fyrir tjóni vegna missis hagnaðar sem hann hefði haft af atvinnustarfsemi sinni ef ekki hefði komið til samdráttar í sölu og hann fengið að stunda starfsemi óáreittur frá byrjun maímánaðar til loka októbermánaðar 2014.

Tjón vegna missis hagnaðar á árunum 2015 og 2016

Vegna aðgerða sveitarfélagsins á árunum 2013 og 2014 og ummæla bærarstjóra í fjölmíðlum árið 2014 gat umbjóðandi minn sem fyrr hvorki markaðssett sig né staðfest neinar fyrirfram bókaðar ferðir ferðaþjónustufyrirtækja. Starfsemi umbjóðanda míns var þess vegna á þeim árum rekin dag frá degi – í von og óvon um hugsanlegar aðgerðir sveitarfélagsins – og gat umbjóðandi minn aðeins rekið

starfsemi sína með sölu til einstaka ferðamanna á svæðinu og einstaka bókana ferðaskrifstofa með stuttum fyrirvara.

Umbjóðandi minn telur ljóst að framangreint hafi leitt til samdráttar í sölu á árunum 2015 og 2016. Þessar athafnir sveitarfélagsins urðu þess því valdandi að umbjóðandi minn varð fyrir tjóni vegna missis hagnaðar sem hann hefði haft af atvinnustarfsemi sinni á framangreindum árum ef ekki hefði komið til samdráttar í sölu vegna aðgerða sveitarfélagsins.


Tjón vegna lögfræðikostnaðar

Allar framanraktar aðgerðir sveitarfélagsins urðu þess valdandi að umbjóðandi minn þurfti að kaupa umfangsmikla lögmannsþjónustu til að verjast aðgerðum sveitarfélagsins. Telur umbjóðandi minn að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna þessa, enda hefði hann ekki þurft að leggja út fyrir lögmannskostnaði ef ekki hefði verið fyrir hinar ólögætu aðgerðir sveitarfélagsins. Hefur aðkeypt lögmannsþjónusta verið einn stærsti útgjaldaliður umbjóðanda míns á því tímabili sem aðgerðir sveitarfélagsins stóðu yfir og ljóst að tjón hans vegna þessa hleypur á milljónum króna.

Með vísan til framanritaðs krefst umbjóðandi minn þess að sveitarfélagið viðurkenni bótaskyldu sína á því tjóni sem umbjóðandi minn hefur orðið fyrir vegna áðurnefndra athafna sveitarfélagsins. Þá skorar umbjóðandi minn á sveitarfélagið að ganga til viðræðna við umbjóðanda minn um uppgjör á skaðabótum vegna tjóns hans. Þess er krafist að sveitarfélagið staðfesti framangreint í bréfi til undirritaðs innan 20 daga frá dagsetningu bréfs þessa.

Verði sveitarfélagið ekki við framangreindu er umbjóðanda mínum nauðugur einn sá kostur að leita atbeina dómstóla til að ná fram rétti sínum. Mun umbjóðandi minn eftir atvikum fyrst óska eftir dómkvaðningu matsmanns til að leggja mat á tjón umbjóðanda míns vegna aðgerða sveitarfélagsins og í framhaldi af því höfða mál á hendur sveitarfélaginu til greiðslu bóta vegna tjónsins. Hægt er að hafa samband við undirritaðan í síma 520-2900 eða með tölvupósti í jon@landslog.is.

Virðingarfyllst,
f.h. Ice Lagoon ehf.


Jón Gunnar Ásbjörnsson hdl.